

Vegagerðin
b.t. Hilmar Finnssonar, deildarstjóra
Borgartúni 7
105 REYKJAVÍK

2006020001
1400; 9310

Reykjavík, 15. mars 2006
/--

Efni: Krísuvíkurvegur, frá Reykjanesbraut að Hraunhelli, Hafnarfirði og hjáleid að Bikhelli. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar dags. 3. febrúar 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Krísuvíkurvegar frá Reykjanesbraut að Hraunhelli, Hafnarfirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 28. febrúar 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. febrúar 2006, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 22. febrúar 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. mars 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 9. mars 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Framkvæmdin felst í lagningu norðurhluta nýs Krísuvíkurvegar, það er um 450 m vegarkafla norðan hringtorgs við Hraunhelli að Reykjanesbraut og hjáleid þaðan, um 400 m meðfram Reykjanesbraut inn á Bikhelli. Hjáleidin verður aflögð þegar fyrirhuguð mislæg vegamót Krísuvíkurvegar og Reykjanesbrautar verða byggð. Norðurhluti Krísuvíkurvegar mun liggja á tiltölulega lítt röskuðu helluhrauni en hjáleidin mun liggja yfir raskað svæði þar sem er öryggissvæði Reykjanesbrautar og malarvegur.

Umferð um Krísuvíkurveg leitar nú inn í iðnaðarhverfið Hellnahraun annars vegar og inni í íbúðahverfið Velli hinsvegar og þegar suðurhluti Krísuvíkurvegar, sem er í byggingu, verður tekinn í notkun mun umferð um Hellnahraun aukast enn frekar. Því er mjög aðkallandi að halda áfram byggingu Krísuvíkurvegar til norðurs frá Hraunhelli og tengja hann til bráðabirgða við

Bikhellu. Á þann hátt er dregið eins mikið og mögulegt er úr umferð í gegnum Hellnahraun og Velli. Stefnt er á að hefja framkvæmdir á árinu 2006.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tvær vörður eru í mikilli hættu vegna nálægðar við vegarstæðið. Framkvæmdaraðili mun reyna að komast hjá raski á þeim með viðeigandi aðgerðum og ef það reynist ekki mögulegt verður sótt um leyfi Fornleifaverndar ríkisins áður en til röskunar kemur.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telja að framkvæmdin kunni ekki að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ein og sér ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur hins vegar að fjalla eigi um fyrsta áfanga Krýsuvíkurvegar við mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Reykjanesbrautar og meta umhverfisáhrif þeirra sameiginlega þar sem um er að ræða framkvæmdir með samliggjandi áhrifasvæði og svipaðan framkvæmdatíma.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að tvær vörður eru í mikilli hættu vegna framkvæmdanna en framkvæmdaraðili hefur hins vegar lýst því yfir að hann muni reyna að komast hjá því að raska þeim og ef það reynist ekki mögulegt verði sótt um leyfi Fornleifaverndar ríkisins áður en til röskunar kemur. Fornleifavernd ríkisins fellst á þessa tilhögun enda verði vörðurnar merktar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu norðurhluta nýs Krýsuvíkurvegar, á um 450 m vegarkafla norðan hringtorgs við Hraunhelli að Reykjanesbraut og um 400 m hjáleid þaðan að Bikhellu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum muni áhrif framkvæmdarinnar einkum verða á hraunið sem vegurinn mun liggja um. Ljóst er að hrauninu hefur nú þegar verið raskað nokkuð og framkvæmdin er á svæði þar sem gert er ráð fyrir tengingu við Reykjanesbraut. Skipulagsstofnun telur að ekki hafi komið fram upplýsingar sem bendi til þess að fyrirhuguð framkvæmd við Krýsuvíkurveg muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Umhverfisstofnunar hefur bent á að fjalla hefði átt um vegkaflann sem hér um ræðir við mat á umhverfisáhrifum breikkunar Reykjanesbrautar, þar sem um er að ræða framkvæmdir með samliggjandi áhrifasvæði og svipaðan framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun tekur undir með

Umhverfisstofnun um að þetta hefði verið æskileg málsmeðferð. Ekkert kemur hins vegar fram sem bendir til þess að framkvæmdin sem hér er til ákvörðunar kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin mun flýta fyrir verulegum úrbótum í umferðarmálum í íbúðarbyggð og um iðnaðarsvæði. Í ljósi þess er ekki óeðlilegt að fjalla um þennan vegkafla sérstaklega. Framkvæmdaraðili hefur bent á að stefnt sé að því að ljúka lagningu norðurhluta Krísvíkurvegar og hjáleiðar á þessu ári en framkvæmdir við breikkun Reykjanesbrautar og gerð mislægra gatnamóta muni væntanlega ekki hefjast fyrir en árið 2007.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að reynt verði að komast hjá raski á tveimur vörðum og þær merktar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur en ef verndun þeirra reynist ekki mögulegt verði sótt um leyfi Fornleifaverndar ríkisins áður en til röskunar kemur. Skipulagsstofnun bendir á að fara þarf að ákvæðum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Þannig verði leitast við að uppfylla leiðbeiningarmörk samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar og tryggð að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt rask né veruleg áhrif á náttúrufer, menningarminjar eða hljóðvist verði fylgt þeirri framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til og framangreindum ábendingum Skipulagsstofnunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Krísvíkurvegar frá Reykjanesbraut að Hraunhelli og hjáleiðar að Bikhelli sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. apríl 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Umhverfisstofnun og Hönnun hf.